
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2011-02
Fundartími:	Fimmtudagur 3. mars 2011 kl. 14:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Raforkunotkun 2010 og fréttatilkynning. 3) Notkunarflokkar raforku 2010. 4) Aflþörf raforkukerfisins og gögn vinnsluaðila. 5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Íris Baldursdóttir Ívar Þorsteinsson Gunnar Aðalsteinsson Ásgeir Sigtryggsson Sigurður Ágústsson Baldur Dýrfjörð
EFLA:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Pétur E. Þórðarson

Íris bauð Baldur velkominn í hópinn en þetta er fyrsti fundurinn sem hann mætir á.

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar. ÍB fór yfir bréf sem kom frá Landsvirkjun á síðasta ári þar sem því er haldið fram að raforkuvinnslan sé öll mæld og því séu óskir hópsins uppfylltar. Hjá Orkuveitu Reykjavíkur kom fram að verið væri að ganga frá mælingum fyrir Helliheiði. IB sagðist einungis hafa fengið mælingar frá Nesjavöllum. JV og IB var falið að taka saman minnisblað um það hvar vantaði eða væru gallaðar mælingar.
- 2) JV sagðist hafa uppfært fréttatilkynningu út frá leiðréttum gögnum en í ljós hefðu komið nokkrar villur í gögnum eftir síðasta fund og fór hann yfir myndirnar í fréttatilkynningunni. Stærsta lagfæringin var vegna Sigöldu þar sem villa var í mæliröð fyrir vinnsluna þar og þurfti að leiðrétta hana. Hann sagðist einnig hafa bætt við mynd sem sýnir aukningu almennrar raforkunotkunar eftir landshlutum síðustu tvö ár. Ákveðið var að senda út fréttatilkynninguna

- 3) IB fór yfir stöðu varðandi notkunarflokka. Gögn frá Rarik og Reyðarfirði voru að koma og þá vantar bara gögn frá Norðurorku. Húsavík mun falla út úr töflum í viðauka núna þar sem Rarik er búið að taka yfir dreifinguna á því svæði.
- 4) IB fór yfir nokkrar myndir varðandi afl í raforkukerfinu 2010 og sagði að gögnin væru kominn inn í gagnagrunninn og úrvinnsla úr gögnunum væri hafin. Flutningstöpin klukkutíma fyrir klukkutíma líta nokkuð vel út og voru þau mest 21. júní kl. 8-9 eða 52 MW. Notkun vinnslufyrirtækja er álíka mikil og flutningstöpin og nokkur umræða varð um þann þátt m.a. í ljósi umræðu um mælingar á vinnslunni. Farið verður nánar yfir aflgögnin á næsta fundi.
- 5) Rætt var um tímasetningu á skýrslu um endurreikning raforkuspár sem miðað hefur verið við að kæmi út fyrir sumarfrí. JV sagði að það hafir alltaf verið mikil kapphlaup að ná þessu svo betra væri að miða við að skýrsla komi út í ágúst. Íris sagði að það væri ekki sama þörf núna að koma skýrslunni út fyrir sumarfrí þar sem tímasetningu á kerfisáætlun hafi verið breytt. Miðað verður því við að endurreiknaða spáin komi út í ágúst.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 16:00. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 7. apríl 2011.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

- Fréttatilkynningu: „Raforkunotkun ársins 2010“.

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Myndir um aflþörf á árinu 2010.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
JV, IB	Taka saman minnisblað um stöðu mælinga
JV	Ganga frá fréttatilkynningu